

Ed.

704. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta fer fram á nokkra hækkun á vitagjaldi frá því, sem ákveðið er í gildandi lögum.

Þótt vitum hafi á síðari árum fjölgað mjög hjer á landi og fari sífjölgaandi, þá hefir vitagjald af skipum að mestu staðið í stað síðustu áratugi.

Það virðist því vera full ástæða til að hækka þetta gjald nokkuð, og telur nefndin þá hækkun, sem frumvarpið fer fram á, eftir atvikum, hæfilega mikla. En hins vegar dylst nefndinni ekki, að þegar vitakerfi landsins er komið í sæmlegt horf, eins og fyrirhugað er, þá muni gjald þetta fulllagt og þá þörf á að hækka það að mun.

Nefndin ræður því deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 29. ágúst 1917.

H. Hafstein,
form.

Sig. Eggerz.

H. Steinsson,
ritari.